

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs

I.

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, en lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjórans. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í fyrrnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði framkvæmdastjóra og stjórn Íbúðalánasjóðs bréf 22. september 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Félags- og tryggingamálaráðuneyti var skrifað 12. október og fjármálaráðuneyti 15. október 2009 og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið.

Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs svaraði með bréfi dagsettu 6. október 2009. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur hans við Íbúðalánasjóð frá desember 2008 þar sem fram komu laun og önnur starfskjör. Jafnframt kom fram í bréfi framkvæmdastjórans að laun hans hefðu verið lækkuð um 15% í framhaldi af ákvörðun kjararáðs frá 23. febrúar 2009. Í bréfinu sagði framkvæmdastjórinn að hann hefði hafið störf í maí 1999 og hefðu laun hans þá miðast við laun aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og skyldu þau breytast árlega með tilliti til breytinga á meðallaunum starfsmanna sjóðsins. Samið hefði verið um að hann notaði eigin bifreið í þágu sjóðsins og fengi greitt fyrir kílómetrafjölda sem nokkurn veginn næmi ársakstri bifreiðarinnar. Þá skyldi sjóðurinn greiða allan símakostnað framkvæmdastjóra. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur væri 12 mánuðir og hefði framkvæmdastjóri nú þegar sagt upp störfum og tæki uppsögnin gildi 30. júní 2010. Framkvæmdastjórinn lagði áherslu á mikilvægi þess að hjá sjóðnum ynni ávallt hæft og öflugt starfsfólk og að laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs væru þannig að eftir því starfi sæktist hæft fólk. Þau þyrftu einnig að vera með þeim hætti að hægt væri að bjóða öðrum stjórnendum og sérfræðingum kjör sem væru samkeppnishæf við sambærileg störf á hinum almenna markaði. Íbúðalánasjóður væri með mjög sambærileg verkefni og fjármálafyrirtæki á almennum markaði. Opinberar stofnanir, hvort sem það væri Íbúðalánasjóður eða aðrar stofnanir, yrðu að vera samkeppnishæfar við hinn almenna markað um hæft starfsfólk. Þrátt fyrir þetta tímabundna ástand sem nú ríkti byðu bankar, skilanefndir og slitastjórnir laun sem væru langt umfram þau kjör sem sjóðurinn hefði talið sér fært að bjóða við núverandi aðstæður. Vinnutími framkvæmdastjóra væri mun

lengri en hefðbundinn dagvinnutími, hann þyrfti að vera í stöðugu símasambandi og búa við stöðugt áreiti fjölmiðla.

Stjórn Íbúðalánasjóðs sendi kjararáði bréf, dagsett 6. október 2009 og fylgdi ráðningarsamningur og erindisbréf bréfinu. Í bréfinu kom einnig fram að laun framkvæmdastjóra hefðu verið lækkuð um 15% í tengslum við ákvörðun kjararáðs í febrúar 2009. Í bréfinu rakti stjórnarformaður kjör framkvæmdastjórans samkvæmt ráðningarsamningi. Hann gegndi engum öðrum launuðum störfum, hvorki fyrir sjóðinn né aðra opinbera aðila. Stjórn Íbúðalánasjóðs lagði áherslu á að mikilvægt væri að hjá sjóðnum ynni alltaf hæft og öflugt fólk, sjóðurinn væri í beinni samkeppni við aðrar fjármálastofnanir um starfsfólk og yrðu laun og starfskjör framkvæmdastjórans að vera samkeppnishæf. Þá yrði að vera hægt að bjóða öðrum stjórnendum og sérfræðingum kjör sem væru sambærileg við kjör í sambærilegum störfum á almennum markaði. Starf framkvæmdastjórans fæli í sér vinnutíma, langt umfram dagvinnu, nauðsyn á að vera í símasambandi, vinnu við tölvu og fjarvinnu á heimili og stöðugt ónæði og áreiti fjölmiðla.

Bréf, dagsett 23. október 2009, barst frá fjármálaráðuneytinu. Í því komu ekki fram sérstök sjónarmið um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

Í ráðningarsamningi frá desember 2008 koma fram laun og önnur starfskjör framkvæmdastjórans. Ráðningartími er fimm ár frá 1. janúar 2009 og gagnkvæmur uppsagnarfrestur er tólf mánuðir. Framkvæmdastjóri skal helga sjóðnum starfskrafta sína. Hann fær föst mánaðarlaun og að auki sérstaka fasta þóknun fyrir yfirvinnu. Laun taka breytingum samkvæmt almennum launabreytingum. Framkvæmdastjóri fær fasta greiðslu fyrir akstur eigin bifreiðar í þágu sjóðsins. Íbúðalánasjóður greiðir allan símakostnað. Greitt er í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins samkvæmt almennum reglum sjóðsins, auk 2% framlags í séreignasjóð. Til viðbótar greiðir Íbúðalánasjóður 6% framlag af öllum launum í séreignasjóð að vali framkvæmdastjórans. Ráðningarsamningi fylgdi viðaukasamningur frá mars 2009 þar sem sagði að laun framkvæmdastjórans skyldu lækka um 15%.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið sagði í bréfi sínu, dagsettu 6. nóvember 2009, að það teldi eðlilegt að kjararáð horfði til þess við ákvörðun sína að laun framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs yrðu í samræmi við laun forstöðumanna sambærilegra stofnana sem heyrðu undir kjararáð.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun, svo og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Framkvæmdastjórinn svaraði með bréfi dagsettu 31. janúar 2010. Hann taldi fyrirhugaða launalækkun allt of mikla, enginn rökstuðningur hefði verið í bréfinu fyrir boðaðri ákvörðun né upplýsingar um viðmiðanir eða samanburðaraðila. Þá sagðist hann gera alvarlegar athugasemdir við tillögu kjararáðs um að fella niður bifreiðahlunnindi, sem væru ótvíræður hluti af núverandi starfskjörum. Einnig óskaði hann eftir skýringum á kafla um lífeyrisréttindi. Þá lýsti hann því sjónarmiði að fyrst þegar ákvörðun kjararáðs um fyrirhugaðar launabreytingar lægi fyrir gæti uppsagnarfrestur samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings byrjað að líða hvað laun og kjör varðaði.

Kjararáð sendi framkvæmdastjóranum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör, þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Bréf, dagsett 18. febrúar 2010, barst frá framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Í bréfinu gerði hann athugasemdir við fyrirhugaða ákvörðun um föst mánaðarlaun og röðun í launaflokk,

ákvörðun um einingafjölda, hugsanlega endurskoðun þeirrar ákvörðunar eftir 1. desember 2010 og tengingu launa og lífeyrisréttinda. Að lokum áréttaði hann þá skoðun sína að launum og öðrum kjörum yrði ekki breytt á uppsagnartíma og að virða bæri umsaminn uppsagnarfrest ráðningarsamnings. Mótmælti hann því að mánaðarlaun hans yrðu miðuð við mánaðarlaun forstjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna og forstjóra Bygðastofnunar þar sem umsvif og umfang þessara stofnana væri allt annað og minna en starfsemi Íbúðalánasjóðs og mætti í því sambandi vísa til ársreikninga. Réttara væri að líkja starfsemi Íbúðalánasjóðs við starfsemi annarra fjármálafyrirtækja svo sem banka og sparisjóða. Vegna umfjöllunar um laun og lífeyrisréttindi óskaði hann frekari skýringa. Launagreiðandi greiddi nú 11,5% af launum framkvæmdastjóra í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) auk 2% í séreignasjóð. Auk þess væru greidd 6% í séreignasjóð að vali forstjórans. Óskaði hann upplýsinga um hvort og þá hvaða áhrif þessar lífeyrissjóðsgreiðslur hefðu á launaákvörðun kjararáðs og áskildi sér rétt til frekari athugasemda að þeim fengnum. Hann minnti á að hann hefði þegar sagt upp ráðningarsamningi og taldi útilokað að lækking launa gæti komið til framkvæmda á uppsagnarfresti.

III.

Tilgangur laga nr. 44/1998 um húsnæðismál er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til þess að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðherra. Sjóðurinn lánar til íbúðakaupa, nýbygginga eða endurbóta húsnæðis. Félagsmálaráðherra skipar Íbúðalánasjóði fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjórinn ræður annað starfsfólk og annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, fjárreiður og reikningsskil. Hann framfylgir ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs. Verkefni sjóðsins eru meðal annars að annast lánveitingar, koma á framfæri almennum upplýsingum um hlutverk og þjónustu Íbúðalánasjóðs, að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði, að fylgjast með íbúðapörf í landinu og að sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvember-

loka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars haft hliðsjón af mánaðarlaunum ríkisskattstjóra og Hagstofustjóra en þeir eru í launaflokki 137. Þá hefur kjararáð við ákvörðun eininga gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, herra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs vera samkvæmt launaflokki 502-137, nú 729.163 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjosi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í séreignasjóð meira en 2% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili framkvæmdastjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson